



FUNDARGERÐ 4. FUNDAR VERKEFNASTJÓRNAR URÐUNARSTAÐAR SORPU

Fundur verkefnastjórnar urðunarstaðar SORPU fimmtudaginn 11. apríl 2024. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Regína Ásvaldsdóttir, formaður verkefnastjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Páll Björgvin Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir.

Gunnar Bragason og Dóra Lind Pálmarsdóttir, verkefnastjórar verkefnastjórnar, og Gunnar Dofri Ólafsson, sækja staðfund.

Jón Viggó Gunnarsson boðar forföll.

Tekið fyrir

1. Staða urðunar í Álfsnesi

Gunnar Bragason fer yfir árangur af eftirfylgni viðauka við eigendasamkomulag. Urðun á 1. ársfjórðungi hefur dregist saman um tæp 90% miðað við 1. ársfjórðung ársins 2023. Kynning fylgir fundargerð.

2. Hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu Álfsness – staða frá síðasta fundi

Verkefnastjórn kallar eftir að SORPA móti hugmynd um framkvæmd hugmyndasamkeppni, með áherslu á tengingu við nærsamfélag urðunarstaðarins í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Kjalarnesi.

Stefnt er að því að halda hugmyndasamkeppnina á skólaárinu 2024/2025.

Hugmyndasamkeppnin yrði í framhaldinu nýtt við frekari vinnu við mótun Álfsness, til dæmis í vinnu við Hringrásargarð í Álfsnesi.

3. Sinueldur á urðunarstað

Eldur kviknaði í Álfsnesi á páskaðag. Upptök eldsins eru talin vera frá gamalli urðunarrein, þar sem jarðvegsþekja hefur fokið til og hleypt súrefni inn í urðunarhauginn. Við það kviknaði eldur, sem barst í nærliggjandi sinu. Engin hætta var á ferðum og einu ummerki eru bruni í sinu. Unnið er að því að bæta við jarðvegsþekju á urðunarstað til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig.

Minna tilvik af sama toga varð um síðastliðna helgi, þegar hiti í urðunarrein framkallaði reyk. Brugðist var við með að bæta við jarðvegsþekju. Óvenjuhvasst hefur verið undanfarnar vikur, sem hefur valdið því að jarðvegsþekja fýkur til.

SORPA hætti urðun á lífrænum úrgangi í Álfsnesi, í samræmi við viðauka við eigendasamkomulag eigenda SORPU um urðunarstaðinn í lok síðasta árs. Það dregur úr líkum á að eldur sem þessi kvikni í framtíð þar sem eldur kviknar út frá lífrænum úrgangi sem hefur verið urðaður. SORPA mun, komi atvik sem þessu upp aftur, tryggja hraða og nákvæma upplýsingagjöf til almennings.

Næsti fundur er boðaður 13. júní 2024 klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 14:39.